



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
FORNLEIFAÐEILD

Menningarminjar við nýtt vegstæði í Arnkötludal og Gautsdal

Viðbótarskýrsla vegna fornleifakönnunar

Ragnar Edvardsson

Júlí 2005
NV nr. 9-05

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
INNGANGUR	3
SKRÁ YFIR MINJASTAÐI	3
UMRÆÐUR	8

Inngangur

Í umsögn Fornleifaverndar Ríkisins um fornleifakönnun vegna tilvonandi framkvæmda á Stranddalavegi í Hórnávikurhreppi og Reykhólahreppi var óskað eftir nánari umfjöllun og lýsingu á nokkrum atriðum fornleifakönnunar sem gerð var vegna vegafamkvæmdanna. Sérstaklega er óskað eftir nánari staðsetningu minjastaða svo hægt sé að meta þá hættu sem að þeim steðjar vegna framkvæmdanna.

Í umsögn Fornleifaverndarinnar eru þeir hættuflokkar sem notast var við í skýrslunni taldir ófullnægjandi til að meta þá hættu sem minjastaðir gætu verið í. Við fornleifaskráningu vegna vegafamkvæmdanna voru hættuflokkar hannaðir eftir forsendum Vegagerðarinnar og notast var við; Varúðarsvæði 1: 0 – 60 metrar (Veghelgunarsvæði), varúðarsvæði 2: 60 – 300 metrar, varúðarsvæði 3: 300 metrar og yfir.

Við upphaflega hönnun á varúðarflokkum var 0 – 60 m svæði (veghelgunarsvæði) haft í huga þar sem að ekki hefur verið ákveðið endanlegt vegstæði og veglínur ekki lagðar út. Þetta var gert í þeim tilgangi að afmarka stærra svæði en þjóðminjalög gefa tilefni til (20 m) þar sem að endanlegt vegstæði gæti hliðrast til um nokkra metra. Þetta er einnig innan þess svæðis sem búast má við umferð tækja við gerð vegarins. Til viðbótar er tekið hnit af öllum hugsanlegum minjastöðum og er því hægt að segja til um með meiri nákvæmni hversu mikilli hættu þeir eru í þegar endanlegri veghönnun er lokið.

Í þessari viðbótarskýrslu birtist listi yfir minjastaði með námkvæmari staðsetningu en í aðalskýrslunni. Í eftirfarandi lista yfir minjastaði er notast við skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands og eru minjar númeraðar eftir því. Fremst í lýsingu á minjastað er einnig vísað í númer minjastaða eins og þau eru í aðalskýrslunni.

Skrá yfir Minjastaði

Minjar í landi Hrófár (St-52)

ST-52: 007 *Hrófársel* heimild býli 21°42'43.361V 65°38'32.756

Nr.121 á korti og í aðalskýrslu. "Lengra fram þarna nær svo ekki Hrófárland. Allt þetta land frá Stórhól að Sauðgili heitir Partur. Framan við Heimri-Ásana liggja Selmýrar, ofan og framan við þær er svo Hrófársel. Féll það úr byggð um síðastliðin aldamót. Mun hafa búið þar síðastur bænda Jón Ívarsson. Selmýrar liggja fram undir Fauskhólasund. Þó skilur þar á milli nokkurt holtasvæði." [Örnefnaskrá Hrófár] Gengið er inn Arnkötludal, norðan árinna, í u.þ.b. 2 km. Norðan við ána, svo til 400 metra frá ánni. Þar standa nokkrar rústir ásamt túngarði.

Veglína 1, varúðarsvæði: 3

Hættumat: Engin hættu.

ST-52: 015 Öskuhaugur 21°40'17.063V 65°39'37.197

Nr. 112 á korti og í aðalskýrslu. Norður af núverandi bæjarstæði Hrófár stendur gamalt hús, í u.þ.b. 200 metra fjarlægð. Þar stóð gamla bæjarstæðið áður. Sunnan við þetta hús er gamall öskuhaugur.

Veglína 1, varúðarsvæði: 3

Hættumat: Engin hættu

ST-52: 016 Kuml 21°40'15.306V 65°39'37.921

Beint í norðaustur frá gamla bæjarstæðinu í u.þ.b. 20 metra er meint kuml. Samkvæmt ábúanda var komið niður á beinagrind á þessum stað við túnasléttun. Ekki var raskað við neinu.

Veglína 1, varúðarsvæði: 3.

Hættumat: Engin hætta.

ST-52: 017 Varða 21°40'32.482V 65°39'18.632

Nr. 192 á korti í aðalskýrslu. Suðvestur af bæjarstæðinu er malarhryggur og efst á honum stendur lítil varða. Varðan er grjóthlaðin um 1* 1 meter að ummáli.

Veglína 1, Varúðarsvæði: 2

Hættumat: Hætta.

ST-52: 018 óþekkt 21°41'21.365V 65°38'33.249

Nr. 128 á korti í aðalskýrslu. Gengið er inn Arnkötludal norðan árinna. Í um það bil 200 metra vestur af ánni eru tveir hólar sem líklegt er að geymi fornminjar en ekki eru minjar sýnilegar í yfirborði.

Veglína 1, varúðarsvæði: 3

Hættumat: Engin hætta.

Veglína 6N, Varúðarsvæði: 1

Mikil hætta

ST-52: 019 óþekkt 21°41'21.365V 65°38'33.249

Nr. 128 á korti í aðalskýrslu. Gengið er inn Arnkötludal norðan árinna. Í um það bil 200 metra vestur af ánni eru tveir hólar sem líklegt er að geymi fornminjar en ekki eru minjar sýnilegar í yfirborði.

Veglína 1, varúðarflokkur: 3

Hættumat: Engin hætta.

Veglína 6N, Varúðarsvæði: 1

Mikil hætta

Minjar í landi Tröllatungu (St-82)

ST-82: 035 Óþekkt 21°41'20.820V 65°38'23.051

Nr. 132 á korti í aðalskýrslu. U.þ.b. 2 km norður af Tröllatungu, alveg niður undir á. Beint sunnan við Hrófársel, austan árinna. Ógreinileg þúst og gæti hér verið um fornminjar að ræða.

Veglínur 1 og 6N, varúðarsvæði: 3

Hættumat: Engin hætta.

Minjar í landi Arnkötludals (St-83)

ST-83: 001 *Arnkötludalur* bæjarhóll býli 21°44'24.856V 65°36'44.766

Nr. 153 á korti í aðalskýrslu. "Hóllinn, sem bærinn stendur á í Arnkötludalstúni, nefnist Bæjarhóll. Neðan við hann var hlaða. Frá henni niður að á var þúfnastykki. Í því var laut, sem nefnd var Leyningi. Foss í ánni niður af lautinni var nefndur Bæjarfoss. Keyrt er eftir afleggjara inn Arnkötludal sem er rétt norðan við Tröllatungu. Afliðandi hóll í túni og efst á honum stendur steinhús sem er að hruni komið.

Heimildir: Örnefnaskrá Arnkötludals

Veglína 1 og 6N, varúðarsvæði: 3

Náma B: Varúðarsvæði 3.

Hættumat: engin hætta.

ST-83: 007 *Vonarholt* bæjarhóll býli 21°45'48.489V 65°35'39.518

Nr. 162 á korti í aðalskýrslu. "Vonarholt var byggt úr landi Arnkötludals árið 1845. Bærinn stóð á holti. Sigríður Valgeirsdóttir í Vonarholti sagði Guðmundi, að nafnið á bænum væri þannig til komið, að vonast hefði verið til, að þarna blessaðist búskapur." [Örnefnaskrá Vonarholts] Farið er inn Arnkötludal frá Arnkötludalsbænum og stendur Vonarholt í u.þ.b. 2.3 km fjarlægð. Þrjár rústir sjást innan túns, bæjarstæði og tvö útihús. Umhverfis túnið sést móta fyrir túngarði.

Heimildir: Örnefnaskrá Vonarholts

Veglína 1: Varúðarsvæði 3.

Hættumat: Engin hætta.

ST-83: 010 Útihús 21°44'24.749V 65°36'49.558

Nr. 152 á korti í aðalskýrslu. Beint norður af bæjarhólum, í u.þ.b. 200 m fjarlægð, í túni er rúst af útihúsi. Hleðslur standa í 180 cm hæð. Ferhyrind rúst.

Veglína 1 og 6N, varúðarsvæði 3.

Náma B: Varúðarsvæði 3.

Hættumat: Engin hætta.

ST-83: 011 Útihús 21°44'27.095V 65°36'45.735

Nr. 157 á korti í aðalskýrslu. Ógreinileg rúst norðvestan við bæjarhólinn í u.þ.b. 40 m fjarlægð. Ekki sést til fornleifa.

Veglína 1 og 6N, varúðarsvæði 3.

Náma B: varúðarsvæði 3.

Hættumat: Engin hætta.

ST-83: 012 Útihús 21°44'20.406V 65°36'43.079N

Nr. 154 á korti í aðalskýrslu. Í u.þ.b. 77 metra suðaustur af bæjarhólum stendur ógreinileg rúst með garðhleðslu utan um. Garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti og er um 60 * 50 m að ummáli.

Veglína 1: Varúðarsvæði 3. Veglína 6N: Varúðarsvæði 2.

Náma B: Varúðarsvæði 3.

Hættumat vegna veglínu 1: Engin hætta.

Hættumat vegna veglínu 6N: Hætta.

ST-83: 013 Útihús 21°44'23.868V 65°36'36.540N

Nr. 156 á korti í aðalskýrslu. Í u.þ.b. 200 metra suður af bæjarhólum er gróin rúst sem stendur á litlum hól. Veggir sjást ekki alls staðar og er rústin um 5*4 m að ummáli.

Veglína 1: Varúðarsvæði 3. Veglína 6N: Varúðarsvæði 1.

Náma B: Varúðarsvæði 3

Hættumat vegna veglínu 1: Engin hætta.

Hættumat vegna veglínu 6N: Mikil hætta.

ST-83: 014 Útihús 21°44'29.634V 65°36'33.980N

Nr. 158 á korti í aðalskýrslu. Í u.þ.b. 100 m suðvestur af nr. 13. Ógreinileg rúst sem stendur efst á litlum hól.

Veglína 1: Varúðarsvæði 3. Veglína 6N: Varúðarsvæði 1.

Náma B: Varúðarsvæði 3.

Hættumat vegna veglínu 1: Engin hætta.

Hættumat vegna veglínu 6N: Mikil hætta.

ST-83: 015 Varða 21°43'58.876V 65°37'31.945N

Nr. 197 á korti í aðalskýrslu. Í u.þ.b. 1.3 km norður af bæjarstæði Arnkötludals. Varðan stendur á litlum hól vestan árinna og er hún 50 cm að hæð og u.þ.b. 50 * 50 cm að ummáli.

Veglína 1: Varúðarsvæði 2.

Hættumat: Hætta.

ST-83: 016 Varða 21°44'56.086V 65°36'22.897N

Nr. 196 á korti í aðalskýrslu. Í u.þ.b. 800 m suður af bæjarstæði Arnkötludals. Stendur austan árinna alveg við ána. Varðan er lítil u.þ.b. 50 * 50 cm að ummáli.

Veglína 1 og 6N: Varúðarsvæði 3.

Náma B: Varúðarsvæði 3.

Hættumat: Engin hætta.

ST-83: 017 óþekkt 21°45'07.592V 65°36'14.996N

Nr. 191 á korti í aðalskýrslu. Í u.þ.b. 280 suðvestur af nr. 16. Ógreinileg rúst stendur niður við ána vestanmegin.

Veglína 1 og 6N: Varúðarsvæði 3.

Náma B: varúðarsvæði 3.

Hættumat: Engin hætta.

ST-83: 018 Varða 21°45'22.012V 65°36'10.606N

Nr. 194 á korti í aðalskýrslu. Í u.þ.b. 200 m suðvestur af nr. 17. Varðan er grjóthlaðin og stendur austanmegin árinna, alveg við ána. Lítil varða, 50 * 50 cm að ummáli.

Veglína 1: Varúðarsvæði 1. Veglína 6N: Varúðarsvæði 3.

Hættumat vegna veglínu 1: Mikil hætta.

Hættumat vegna veglínu 6N: Engin hætta.

ST-83: 019 Varða 21°45'22.427V 65°36'05.254N

Nr. 193 á korti í aðalskýrslu. Í u.þ.b. 150 m suður af nr. 18. Grjóthlaðin varða sem stendur austanmegin árinna á litlum hól. Lítil varða, 50 * 50 cm að ummáli.

Veglína 1 og 6N: Varúðarsvæði 3.

Hættumat: Engin hætta.

ST-83: 020 Fjánhús 21°45'46.374V 65°35'42.180N

Nr. 164 á korti í aðalskýrslu. Svo til beint norður af bæjarstæði Vonarholts, í u.þ.b. 80 m fjarlægð. Rústin er ferhyrnd um 9*15 m og standa hleðslur í u.þ.b. 1 m.

Veglína 1 og 6N: Varúðarsvæði 3.

Hættumat: Engin hætta.

ST-83: 021 Útihús 21°45'51.522V 65°35'38.638N

Nr. 163 á korti í aðalskýrslu. Í u.þ.b. 40 m suðvestur af bæjarstæði Vonarholts. Rústin er þríhólfá og standa hleðslur í u.þ.b. 1 m. Rústin er 14*10 m að ummáli.

Veglína 1 og 6N: Varúðarsvæði 3.

Hættumat: Engin hætta

ST-83: 022 Varða 21°47'40.305V 65°34'33.783N

Nr. 195 á korti í aðalskýrslu. Gengið er inn Arnkötludal frá Vonarholti og þegar landið fer að hækka í botni dalsins er komið að vörðu sem stendur á litlum hól. Lítil grjóthlaðin varða, 60 * 60 cm að ummáli.

Veglína 1 og 6N: Varúðarsvæði 3.

Hættumat: Engin hættu.

Minjar í landi Valshamars (BA-9)

BA-9: 019 óþekkt 21°53'55.751V 65°28'32.160N

Nr. 173 á korti í aðalskýrslu. Í u.þ.b. 400 m norðvestur af bæjarstæði Valshamars. Ógreinileg rúst sem stendur undir klettavegg.

Náma F: Varúðarsvæði 3.

Hættumat: Engin hættu.

BA-9: 020 óþekkt 21°53'59.334V 65°28'22.019N

Nr. 179 á korti í aðalskýrslu. Í u.þ.b. 270 m vestur af bæjarstæði Valshamars. Lítil hóll og er líklegt að hann geymi fornminjar.

Náma F: Varúðarsvæði 3.

Hættumat: Engin hættu.

BA-9: 021 óþekkt 21°53'58.433V 65°28'18.123N

Nr. 182 á korti í aðalskýrslu. Í u.þ.b. 300 m suðvestur af bæjarstæði Valshamars. Lítil hóll og er líklegt að hann geymi fornminjar.

Náma F: Varúðarsvæði 3.

Hættumat: Engin hættu.

Minjar í landi Gautsdals (BA-10)

BA-10: 011 rétt 21°54'14.025V 65°29'29.528N

Nr. 166 á korti í aðalskýrslu. Í botni Gautsdals þar sem landið hækkar stendur grjóthlaðin rétt. Réttin er í u.þ.b. 2 km norðaustur frá bæjarstæði Gautsdals og stendur hún vestan árinna.

Veglína 1: Varúðarsvæði 3.

Hættumat: Engin hættu.

BA-10: 012 óþekkt 21°55'24.144V 65°28'32.345N

Nr. 170 á korti í aðalskýrslu. Í u.þ.b. 113 m norðaustur af íbúðarhúsinu á Gautsdal. Hóll sem líklega geymir fornminjar en ekki sést til neinna rústa á honum.

Veglína 6N: Varúðarsvæði 3.

Náma E: Varúðarsvæði 3.

Hættumat: Engin hættu.

BA-10: 013 óþekkt 21°55'18.532V 65°28'37.821N

Nr. 169 á korti í aðalskýrslu. Í u.þ.b. 207 m norðaustur af íbúðarhúsinu á Gautsdal, rétt norðaustan við nr. 12. Hóll sem líklega geymir fornminjar en ekki sést til neinna rústa á honum.

Náma E: Varúðarsvæði 3.

Hættumat: Engin hættu.

Minjar í landi Ingunnarstaða (BA-11)**BA-11: 011** *Stekkur* heimild stekkur 21°55'56.643V 65°27'36.542

Nr. 198 á korti í aðalskýrslu. "Framflói er áframhald af Flóa austanvert við túnið. Ofanvert við hann er móabaráð og smáklettur. Þar heitir Stekkur og sjást þar tóftir." Í u.þ.b. 600 m vestur af Ingunnarstöðum rétt við ána. Mótur ógreinilega fyrir rústum.

Heimildir: Örnefnaskrá Ingunnarstaða

Veglína 2S: Varúðarsvæði 2.

Hættumat: Hætta.

BA-11: 012 óþekkt 21°56'35.235V 65°27'43.780N

Nr. 184 á korti í aðalskýrslu. Í u.þ.b. 140 m norðaustur af bæjarstaði Ingunnarstaða er lítill gróinn hóll. Ekki sést til fornminja en líklegt er að fornleifar leynist á þessum stað.

Veglína 3S: Varúðarsvæði 3.

Hættumat: Engin hætta.

BA-11: 013 óþekkt 21°56'46.755V 65°27'41.560N

Nr. 183 á korti í aðalskýrslu. Í u.þ.b. 97 m norðvestur af bæjarstaði Ingunnarstaða er gróinn hóll. Ekki sést til fornminja en líklegt er að fornleifar leynist á þessum stað.

Veglína 3S: Varúðarsvæði 3.

Hættumat: Engin hætta.

Umræður

Hér að ofan er listi yfir allar þá minjastaði sem eru í 0 – 300 m fjarlægð frá veglínunum og námum. Allir minjastaðir hafa fengið hnit (lengd/breidd) til nákvæmari staðsetningar.

Ef það er ástæða til að friða ákveðna fornleif(ar) þá eru þær hnitsettar hér í viðbótarskýrslunni og ætti að vera hægt að hnika fyrirhuguðum vegi í hönnuninni út fyrir 20 m friðhelgaðs svæðis.

Þegar á heildina er litið þá eru engar breytingar á niðurstöðum fornleifakönnunarinnar, eins og þær koma fram í aðalskýrslunni.